

## Starfsleyfi fyrir flugeldasýningar árin 2021 til 2025

Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur mótttekið umsókn frá Slysvarnadeildinni Bárunni á Djúpavogi dags. 30.11.2021 þar sem sótt er um starfsleyfi vegna flugeldasýningar á gamlárskvöld

Starfsemin er starfsleyfisskyld skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotelda og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

**Leyfishafi:** Slysvarnadeildin Báran, kt. 480982-0379  
**Staðsetning:** við Hermannastekka (Rakkaberg)  
**Tímasetning:** Milli kl.17<sup>00</sup> og 18<sup>00</sup> á gamlárskvöld

### 1. Gildis- og ábyrgðarsvið

- 1.1 Leyfið tekur til flugeldasýningar um áramót árin 2021 til 2024 að báðum árum meðtöldum Leyfið veitir heimild til einnar flugeldasýningar ár hvert.
- 1.2 Leyfið er veitt með þeim skilyrðum að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi lögreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.
- 1.3 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.

### 2. Skilyrði

- 2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluþyrvalda fyrir sýningunni.
- 2.2 Skylt er að haga allri háværrri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.
- 2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðráttá er óhagstæð að mati lögreglu.
- 2.4 Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

30. desember 2021  
F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



## **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir flugeldasýningu – Slysavarnadeildin Báran 2021-2024**

Umsókn um starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á Djúpavogi á gamlárskvöld barst þann 30. nóvember 2021. Umsækjandi er Slysavarnadeildin Báran, kt. 480982-0379.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 1. desember sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 29. desember 2021.

Engar athugasemdir bárust við tillöguna innan auglýsts frests. Starfsleyfi er því hér með gefið út.

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi